

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2011


**Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 239, um breytingu á lögum um LSR.**

Bandalag háskólamanna telur rétt að einhver vikmörk séu við tryggingarfræðilega stöðu A-deildar LSR þannig að ekki þurfi að finnstilla iðgjald launagreiðanda um hver áramót eins og lögskýring Fjármálaeftirlitsins gæti leitt til. BHM leggst því ekki gegn því að vikmörk 39. gr. laga nr. 129/1997 eigi við um A-deild LSR. Hins vegar telur BHM vikmörkin allt of rúm og að verið sé að búa til vanda sem erfitt getur orðið að leysa.

Á A-deild LSR er ekki ríkisábyrgð, heldur eiga iðgjöld launagreiðanda, sem eru fjölmargir, að hækka nægi greiðslur í sjóðinn ekki til að standa undir þeim réttindum sem ákvörðuð eru. Frá upphafi hefur tryggingarfræðileg staða A-deildar LSR verið neikvæð þannig að ljóst er að heildariðgjald var of lágt strax frá byrjun. Meðan aðrir lífeyrissjóðir hækkuðu réttindi og greiðslur til sjóðfélaga voru réttindi innan A-deildar LSR óbreytt. Skerðing réttinda hjá öðrum lífeyrissjóðum s.l. tvö ár hefur í fæstum tilfellum gert meira en að draga áður veittar hækkanir umfram vísitölu neysluverðs til baka.

Mikilvægt er að iðgjald launagreiðanda í A-deild LSR verði hækkað sem fyrst þannig að það sé í samræmi við þau réttindi sem áskilin eru í lögum um sjóðinn.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson.

Alþingi  
Erindi nr. P 140/644  
komudagur 28.11.2011



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2011

**Efni: Umsögn BSRB um frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda), þskj. 245 – 239. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Með frumvarpinu er lagt til að 2. másl. 4. mgr. 13. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um að vikmörk 39. gr. laga nr. 129/1997 eigi einnig við um A-deild LSR en þannig yrðu sömu vikmörk vegna tryggingarfræðilegrar stöðu A- deildar og hjá öðrum lífeyrissjóðum.

BSRB gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þessa máls.

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi  
Erindi nr. P 140/650  
komudagur 29.11.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

29. nóvember 2011  
Tilvísun: 2011110077

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, 239. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, 239. mál,

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR), með þeim hætti að vísað verður til 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að um er að ræða lagabreytingu sem sérstaklega er komin fram vegna athugasemda Fjármálaeftirlitsins er lúta að tryggingafræðilegri stöðu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Vegna þessa telur Fjármálaeftirlitið rétt að fara í umsögn þessari yfir þau lagarök sem legið hafa að baki athugasemdum eftirlitsins.

**I. Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru sérlög og því ganga ákvæði laganna frammar ákvæðum annarra laga**

Líkt og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis við það frumvarp sem lagt hefur verið fram sem 239. mál er það mat Fjármálaeftirlitsins að A-deild LSR starfi samkvæmt sérlögum sem gangi frammar almennu lögnum um lífeyrissjóðina. Vegna stöðu laganna um LSR sem sérlög leiðir það af núgildandi ákvæði 2. másl. 4. mgr. 13. gr. laganna að á A-deild LSR hvílir skýr skylda til að hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu á athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Ákvæði umræddrar 13. greinar eiga jafnframt að ganga frammar ákvæðum 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. 4. mgr. 13. gr. er í heild sinni svohljóðandi:

*Launagreiðendur greiða að lágmarki [8%]<sup>9</sup> af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram [8%]<sup>9</sup> af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um*



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

*framtidariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.*

Að mati Fjármálaeftirlitsins leiðir af orðalagi 2. málsl. greinarinnar að á stjórn LSR hvíli skylda til að hækka framlag launagreiðenda til að rétta af tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR, sem var í lok árs 2010 -12%. Með þeim orðalagsbreytingum sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi sem er til umsagnar er hins vegar kveðið á um það beinum orðum að ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 gildi um A-deild LSR. Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. 39. gr. hljóða svo:

*Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtidariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtidariðgjalda. Áætlun um framtidariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr.*

*Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.*

Ákvæðin kveða á um skyldu lífeyrissjóða til að gera samþykktarbreytingar til að rétta af tryggingafræðilega stöðu sjóða sé munur á milli eignarliða og skuldbindinga meiri en 10%. Umræddum lögum var breytt árið 2008 með bráðabirgðaákvæði á þann veg að lífeyrissjóðum var heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og skuldbindinga án þess að þeim sé skylt að gera samþykktarbreytingar. Þessi undanþága gildi fyrir árið 2008 en hefur síðan þá verið framlengd og gildir fyrir árið 2010, skv. núgildandi bráðabirgðaákvæði VI í lögum nr. 129/1997. Segja má að þessi tímabundna heimild til að hafa 15% mun á milli eignarliða og skuldbindinga veiti lífeyrissjóðum nauðsynlegt fjárhagslegt svigrúm í kjölfar bankahrunsins 2008. En á meðan heimildin er virk er nauðsynlegum aðgerðum lífeyrissjóða til að rétta af tryggingafræðilega stöðu sína hins vegar slegið á frest.

Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á að skv. orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. er ekki kveðið á um sérstaka langvarandi heimild til handa lífeyrissjóðum um að hafa 10% mismun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga. Þvert á móti bindur það hendur sjóða og skyldar þá til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum til að leiðrétta tryggingafræðilega stöðu þeirra. Er enda sú staða uppi að einungis þrír sjóðir sem ekki njóta sérstakrar bakábyrgðar ríkissjóðs eða sveitarfélaga hafa neikvæða tryggingafræðilega stöðu sem nemur meira en 10 prósentustigum. Einn þessara sjóða gerði breytingar á sínum samþykktum í ár sem koma munu til framkvæmda á yfirstandandi ári. Því má færa rök fyrir því að bráðabirgðaákvæði VI hafi þegar þjónað sínum tilgangi. Hvað flesta lífeyrissjóði snertir hafa þeir þegar gripið til aðgerða s.s. hækkanir iðgjalda launagreiðenda eða réttindaskerðingar lífeyrisþega, til að rétta af tryggingafræðilega stöðu þeirra. A-deild LSR nýtur því ekki einungis sama svigrúms og aðrir lífeyrissjóðir til að mæta sveiflum, sbr. athugasemdir með frumvarpi því sem hér er til umsagnar, heldur er deildin önnur af einungis tveimur starfandi



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY ICELAND

lífeyrissjóðum sem nýtir þetta svigrúm og hefur ekki gripið til aðgerða til að rétta stöðu sjóðsins af.

### II. Nánar um tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR og athugasemdir Fjármálaeftirlitsins

Í athugasemdum við það frumvarp sem hér er til umsagnar segir: „*Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR hefur verið neikvæð allt frá því að deildin var sett á fót á árinu 2000 og án athugasemda frá eftirlitsaðilum þar til á árinu 2011.*“ Það er vissulega rétt að halli hafi verið á tryggingafræðilegri stöðu LSR allt frá árinu 2000, sbr. neðangreinda töflu sem byggir á upplýsingum frá Fjármálaráðuneytinu:

2000	-0,1%
2001	-0,9%
2002	-4,9%
2003	-2,8%
2004	-3,5%
2005	-3,6%
2006	-0,6%
2007	-2,4%
2008	-13,1%
2009	-13,2%
2010	-12%

Ljóst er af töflunni að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur sveiflast verulega undanfarinn áratug. Þannig var staðan neikvæð um -4,9% árið 2002, en -0,6% árið 2006. Færa má rök fyrir því að Fjármálaeftirlitið hefði átt að gera athugasemdir við stöðu sjóðsins fyrr, með hliðsjón af 4. mgr. 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Frá og með árinu 2008 horfir hins vegar öðruvísi við því eftir það er tryggingafræðileg staða sjóðsins í fyrsta sinn neikvæð um meira en 10%. Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR hefur því verið umtalsvert verri undanfarin 3 ár heldur en sl. 10 ár. Þarf því vart að koma á óvart þó Fjármálaeftirlitið geri nú athugasemdir við stöðu A-deildar LSR í fyrsta skipti frá því deildin var sett á fót.

### III. Kröfur Fjármálaeftirlitsins og viðbrögð A-deildar LSR vegna þeirra

Í kjölfar athugasemda Fjármálaeftirlitsins og samskipta við stjórn LSR vegna stöðu A-deildar birti eftirlitið gagnsæistilkynningu í maí sl. Í henni sagði m.a.:

„Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir um núverandi 13. gr. laganna, að leiði athugun tryggingafræðings í ljós að greiðsla launagreiðanda ásamt iðgjaldi sjóðfélaga dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, hvíli sú skylda á stjórn sjóðsins að hækka iðgjald launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Þetta er ein veigamesta breytingin á lögum sjóðsins samkvæmt frumvarpinu. Með henni væri lagt til að A-deild LSR ætti jafnan fyrir skuldbindingum sínum þannig að eignir og skuldbindingar stæðust



## FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

*á. Gert væri ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að deildin standi við þær skuldbindingar, sem réttindareglur sjóðsins segja til um.*

*Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins séu sérlög sem gildi um LSR og gangi framur almennum ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 eru skilyrðislaus fyrirmæli um að stjórn LSR beri að endurskoða iðgjald launagreiðenda árlega. Við þá endurskoðun skuli það sjónarmið ráða för að hrein eign A-deildar LSR til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildar LSR séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Það er því ljóst að stjórn LSR ber árlega að endurskoða iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á þann veg að ekki sé munur á eignaliðum og lífeyrisskuldbindingum.*

*Iðgjöld til A- deildar LSR eru nú 15,5% af launum, þar af eru iðgjöld sjóðfélaga 4% og iðgjöld launagreiðenda 11,5%. Ætlað er að hækka þyrfti heildariðgjaldið um 4 prósentustig eða í 19,5%, til að heildarstaða A-deildar sjóðsins yrði í jafnvægi.*

*Fjármálaeftirlitið krefst þess í framangreindu bréfi til LSR, dags. 19. apríl sl., að stjórn LSR endurskoði iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við fyrsta tækifæri, þó ekki síðar en 15. júlí 2011 .“*

Frestur stjórnar LSR til að endurskoða iðgjald launagreiðenda var framlengdur til 1. október sl. með því skilyrði að fyrir þann tíma lægju fyrir fullbúnar aðgerðir til lausnar á halla á tryggingafræðilegri stöðu LSR, þannig að lífeyrissjóðurinn uppfyllti lagaskilyrði. Áttu þær aðgerðir einnig að geta komið til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2012. Þann 1. nóvember sl. tilkynnti stjórn LSR Fjármálaeftirlitinu að það frumvarp sem nú er til umsagnar yrði lagt fram á þingi. Líkt og fram hefur komið felur frumvarpið í sér, að mati Fjármálaeftirlitsins, að vanda A-deildar LSR vegna tryggingafræðilegrar stöðu hennar er enn frestað.

#### **IV. Frekari aðgerðir til lausnar á vanda A-deildar LSR**

Í samskiptum við stjórn LSR og Fjármálaráðuneytið vegna tryggingafræðilegrar stöðu LSR hefur Fjármálaeftirlitið mælt gegn því að framlengt verði frekar framangreint bráðabirgðaákvæði VI í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sem kveður á um 15% leyfilegan mun á eignarliðum og skuldbindingum lífeyrissjóða. Eftirlitið hefur einnig bent á að þegar ráðist verður í nauðsynlegar breytingar til að taka á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar LSR þarf að huga að því að deildin búi ekki við viðvarandi mun á eignarliðum og skuldbindingum.

Fjármálaeftirlitið vill ennfremur með tilliti til lagatæknilegra sjónarmiða benda á að heppilegra kann að vera að mæla fyrir svigrúmi til handa A-deild LSR, hvað snertir mun á eignarliðum og skuldbindingum, með því að setja inn ákvæði í þeim sérlögum sem um A-deildina gilda, en ekki með tilvísun til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Því til stuðnings má nefna að skv. þeim lögum sem gilda



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er ekki mælt sérstaklega fyrir um samþykktarbreytingar til að bregðast við tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða, sbr. 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, heldur á stjórn LSR að ákveða fyrir 1. október hvert ár hvernig brugðist verði við stöðu sjóðsins fyrir komandi almanaksár, sbr. 5. mgr. 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, sem vitnað er til hér að ofan. Vegna þessa ætti ákvörðun stjórnar LSR að liggja fyrir nú þegar, til að bregðast við núverandi tryggingafræðilegri stöðu A-deildar LSR á komandi ári. Hins vegar fela samþykktarbreytingar annarra sjóða í sér að áhrif þeirra geta tekið gildi og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra, sama ár og þær taka gildi. Af þessu leiðir að starfsumhverfi A-deildar LSR er annað en almennra lífeyrissjóða, þar sem að um hana gilda sérlög, og vegna þessa kann að vera heppilegra að mæla fyrir svigrúmi A-deildar í sérlögnum sjálfum.


Fjármálaeftirlitið vill að lokum benda sérstaklega á að með frekari frestun á þeim vanda sem blasir við A-deild LSR kann að verða gengið á hlut greiðandi sjóðfélaga til hagsbóta fyrir þá sem nú þegar þiggja lífeyri. Þar sem A-deild LSR nýtur ekki bakábyrgðar ríkissjóðs, líkt og aðrar deildir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, verður að skerða réttindi þeirra sjóðfélaga sem nú greiða í A-deild LSR komi til þess að henni verður lokað. Að öðrum kosti mun sjóðurinn ekki standa undir framtíðarskuldbindingum sínum. Verði með öðrum orðum framhald á óbreyttri stöðu leiðir það til verulegs ójafnræðis á milli sjóðfélaga, þ.e. þeirra sem nú greiða í sjóðinn og þeirra sem þiggja lífeyri. Fjármálaeftirlitið telur því afar brýnt að brugðist verði við hinni neikvæðu tryggingafræðilegu stöðu A-deildar LSR með öðrum og stórtækari úrræðum heldur en þeim að lögfesta tilvísun til 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 í sérlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Ragnar Hafliðason

Hjálmar S. Brynjólfsson



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi  
Erindi nr. P 140/646  
komudagur 29. 11. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2011

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 239 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda).**


Fjárlaganefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 22. nóvember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lögð til breyting á 2. másl. 4. mgr. 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er viðkemur árlegri athugun á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar sjóðsins. Breytingin er til samræmis við þá framkvæmd sem fram til þessa hefur verið viðhöfð við mat á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar.

Landssamtök lífeyrissjóða styðja frumvarpið og telja rétt að A-deild LSR njóti sama svigrúms til að mæta sveiflum og almennt gildir, sbr. vikiörk 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 149/647  
komudagur 29.11.2011



**LSR**  
LÍFEYRISJÓÐUR  
STARFSMANNNA RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis,  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2011


**Efni: Umsögn um 239. mál, breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins**

Fjárlaganefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 23. nóvember sl. leitað eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um framangreint þingmál.

Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins varðandi tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR en eftirlitið krafðist þess að stjórn LSR endurskoðaði iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997. Með frumvarpinu er kveðið á um að vikmörk 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eigi við um A-deild LSR.

LSR vill taka fram að sjóðurinn hefur alltaf litið svo á að 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða giltu um A-deild LSR. Óeðlilegt væri að aðrar reglur giltu um A-deild LSR að þessu leyti og að ekkert svigrúm væri fyrir sveiflur. Í ljósi þess að sá skilningur er ekki lengur óumdeildur er eðlilegt að hann sé staðfestur með ótvíræðum hætti í lögum LSR.

Virðingarfyllst,  
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

  
Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 140/651  
komudagur 18.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Fjárlaganefnd Alþingis, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður Austurstræti 8 – 10,	18. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Fjárlaganefnd Alþingis mun hafa fengið til afgreiðslu frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (iðgjald launagreiðanda), ~~329. mál.~~ *239. mál*

Þó Ríkisendurskoðun hafi ekki athugasemdir fram að færa við efni frumvarpsins getur hún ekki látið hjá líða að nota þetta tækifæri til þess ítreka fyrri beiðnir sínar um breytingu á því ákvæði þessara laga er fjallar um endurgjald fyrir endurskoðunarþjónustu Ríkisendurskoðunar við sjóðinn. Skal nú nánari grein gerð fyrir tillögu stofnunarinnar í þessu efni:



Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er kveðið á um að reikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun **án sérstakrar þóknunar**. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. laganna um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun er henni veitt heimild til að krefjast endurgjalds fyrir fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, sem getið er um í 2. mgr. sömu greinar. Þar er m.a. um að ræða stofnanir, sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira sem og félög og sjóði, sem ríkið á að helmingi eða meira.

Ofangreind heimild til gjaldtöku hefur verið útfærð á þann veg að allir aðilar utan A-hluta ríkissjóð eru krafðir um endurgjald fyrir þá endurskoðunarþjónustu, sem stofnunin veitir þeim. Þetta er gert til þess að viðkomandi aðilar hafi í sínum rekstri sambærilegan endurskoðunarkostnað og almenn fyrirtæki á markaði, sem þau eru að bera sig saman við eða keppa við enda er þessum aðilum að jafnaði ætlað að standa undir öllum kostnaði við starfsemi sína af tekjum sínum.


Að mati Ríkisendurskoðunar er óeðlilegt að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna lúti öðrum reglum um kostnað við endurskoðun en t.d. ríkisaðilar í B – E hluta ríkisreiknings eða aðrir lífeyrissjóðir, er starfa hér á landi. Því leggur stofnunin til að orðin „**án sérstakrar þóknunar**“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði felld út úr lögnum. Til fróðleiks skal þess getið að stofnunin ver um 450 til 600 tímum árlega í endurskoðun samtals hjá opinberu lífeyrissjóðunum.

Ríkisendurskoðun telur afar brýnt að þessi breyting nái fram að ganga nú þar sem fyrri tillögur til að fá fram breytingu á þessu ákvæði náðu ekki fram að ganga hjá viðkomandi þingnefnd. Geta má þess að ríkisendurskoðandi hefur rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um þetta atriði og ekki orðið var við andstöðu þeirra við þessa tillögu.

Eins og áður segir þá gerir stofnunin ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Í því er lagt til að skýrt verði kveðið á um að vikmörk þau, sem mælt er fyrir um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða varðandi neikvæðan mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris. Frumvarpið hefur þannig í för með sér að óumdeilt verður að sömu reglur gildi um A-deild LSR og aðra lífeyrissjóði um svigrúm fyrir sveiflur á fjárhagsstöðu. Það veitir stjórn LSR meira svigrúm til að bregðast við því hvernig leysa á halla sem myndast við sérstakar aðstæður og veitir henni og stjórnvöldum svigrúm til að taka ákvörðun um hækkun iðgjalda launagreiðenda. Slíka ákvörðun þarf að taka eftir útreikninga tryggingafræðings á stöðu sjóðsins og getu hans til að greiða út lífeyri.



Alþingi  
Erindi nr. þ 149/649  
komudagur 30.11.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2011

**Efni Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda), 239. mál.**

Fjarlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 245. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að stjórn Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna þurfi ekki að framfylgja kröfu 13. gr. laganna um að hækka iðgjald launagreiðenda þegar tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð. Tillagan fellir sjóðinn undir almennt ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Sú grein kveður á um að ekki þurfi að grípa til aðgerða til að lagfæra neikvæða tryggingafræðilega stöðu sé hún innan við 10%, og bráðabirgðaákvæði IV með lögnum heimilar 15% neikvæða tryggingafræðilega stöðu á árinu 2010.

Fram kemur í athugasemdum að breytingartillagan sé gerð vegna þess að Fjármálaeftirlitið krefjist þess að stjórn LSR hækki iðgjald launagreiðenda á grundvelli 13. gr. laganna.

Í árslok 2010 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 47,4 milljarða króna, sem nam 12,0% af heildarskuldbindingum. Iðgjöld og ávöxtun þeirra duga ekki fyrir þeirri ávinnslu réttinda sem löggin kveða á um. Vandí sjóðsins er því mikill og fer vaxandi í ljósi lækkandi raunvaxta og takmarkaðra fjárfestingarkosta hér á landi.

Verði frumvarpið að lögum er því frestað um sinn að taka á vanda lífeyrissjóðsins. Löggin kveða hins vegar ótvírætt á um að það skuli gert með hækkun mótframlags ríkissjóðs og kemur fram í athugasemdum að það þurfi að hækka um 4%. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að ríkissjóður fái vart risið undir hækkun framlags launagreiðenda vegna mikilla þrenginga í ríkisfjármálunum.

Hækkun mótframlags ríkisins hefði óhjákvæmilega mikil áhrif á almennum vinnumarkaði. Stjórnvöld og aðilar á almennum vinnumarkaði stefna að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar annars vegar og yfirlýsingu SA og ASÍ um lífeyrismál hins vegar hinn 5. maí 2011. Ljóst er að hækkun mótframlags ríkissjóðs úr 11,5% í 15,5% myndi auka muninn á mótframlagi m.v. launagreiðendur á almennum vinnumarkaði úr 3,5% í 7,5% og setja mark sitt á kjarasamninga næsta áratuginn.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við þá frestun á vanda sem felst í frumvarpinu en lýsa áhyggjum af stöðu lífeyrissjóðsins og ekki síður af því hvernig hann verði leystur.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Hannes G. Sigurðsson*



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Alþingi  
Erindi nr. P 140/648  
komudagur 28.11.2011

Grettisgata 89  
105 Reykjavík

Sími 525 8340  
Fax 525 8349

sfr@sfr.is  
www.sfr.is

Nefndasvið Alþingis,  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um 239. mál, breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins**

Fjárlaganefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 22. nóvember sl. leitað eftir umsögn SFR um framangreint þingmál.


Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins varðandi tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR en eftirlitið krafðist þess að stjórn LSR endurskoðaði iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997. Með frumvarpinu er kveðið á um að vikmörk 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eigi við um A-deild LSR.

SFR hefur hingað til litið svo á að 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða giltu um A-deild LSR. Óeðlilegt væri að aðrar reglur giltu um A-deild LSR að þessu leyti og að ekkert svigrúm væri fyrir sveiflur.

SFR leggur áherslu á að heimildir LSR til vikmarka verði með saman hætti og gildir um aðra sjóði, og það verði staðfest í lögum um sjóðinn.

Virðingarfyllst,

f.h. SFR – stéttarfélags í almannapjónustu

  
Arni St. Jónsson formaður.